

Stefna Verzlunarskóla Íslands í alþjóðasamskiptum

Stefna Verzlunarskóla Íslands í alþjóðasamskiptum er í anda Evrópusambandsins um markmið menntakerfis Evrópu (European Development Plan). Markmiðið er að undirbúa nemendur fyrir fjölmenningsamfélag nútímans og gefa kennurum og öðru starfsfólki möguleika á að auka víðsýni og faglega þekkingu. Í flestum tilvikum koma auk nemenda kennarar og aðrir starfsmenn skólans að slíkum verkefnum. Það er mat skólans að þátttaka nemenda og starfsfólks auki gæði skólastarfsins og geri það fjölbreyttara.

Nemendur

Markmið skólans er að nemendum á öllum brautum standi til boða að taka þátt í fjölbreyttu alþjóðlegu samstarfi. Þetta er liður skólans í að bjóða upp á framsækið skólastarf sem eykur félagslega og menningarlega færni nemenda og gerir þá hæfari til þátttöku í fjölmenningslegu og alþjóðlegu umhverfi. Grunnþættir menntunar í anda Aðalnámskrár framhaldsskóla, Norðurlandaráðs og Evrópusambandsins eru meðal annars lýðræði, gagnrýnin hugsun, sköpun og læsi í víðari skilningi. Líta má á þátttöku nemenda í erlendum samstarfsverkefnum sem mikilvægt skref í átt að því að gera nemendur að sjálfstæðum og virkum samfélagsborgurum sem velta fyrir sér eigin gildum og annarra til að mæta fjölbreytileika mismunandi menningarheima. Nemendur sem eru með sterkan grunn í lýðræðislegu samfélagi, eiga betur með að virða menningarmun, gildi og lífshætti annarra þjóða.

Unnið er að markmiðinu með þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum þar sem nemendum er gert kleift, í vernduðu umhverfi, að vinna með jafnöldrum sínum þvert á landamæri, taka þátt í hópstarfi og umræðum þar sem gagnkvæm virðing er höfð að leiðarljósi. Langtímamarkmið slíks samstarfs er að efla nemendur til þátttöku í alþjóðlegu fjölmenningsamfélagi nútímans og opna augu þeirra fyrir mikilvægi og möguleikum á framtíðarmenntun og störfum í alþjóðlegu umhverfi.

Kennarar og annað starfsfólk

Stefna skólans er einnig að bjóða kennurum og öðru starfsfólki upp á erlend námskeið, ráðstefnur, skólaheimsóknir og starfsmannaskipti við erlenda samstarfsskóla. Öll alþjóðleg samstarfsverkefni efla faglega þekkingu og víðsýni starfsfólks skólans. Þau eru einnig mikilvægur liður í að efla starfsánægju og löngun til að takast á við breytingar og áskoranir í skólastarfinu sem innleiðing 3ja ára stúdentsnáms hafði m.a. í för með sér. Markmið alþjóðlegra verkefna er þannig heilt yfir að auka gæði skólastarfsins og hvetja til fjölbreyttari náms- og kennsluhátta.

Gert í maí 2020.